



Aðalfundur Nýrnafélagsins
11. apríl 2024 boðaður kl. 18:00
Haldinn að Sigtúni 42
38. aðalfundur félagsins.

1. Setning fundarins.

Helga J. Hallgrímsdóttir setti fundinn.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

a. Fundarstjóri var kosinn Guðrún B. Tryggvadóttir framkvæmdastjóri félagsins og ritari var kosinn Helga Guðrún Loftsdóttir ritari félagsins.

3. Lestur fundargerðar síðasta aðalfundar.

a. Helga Guðrún Loftsdóttir ritari las fundargerðina og leiðréttta þurfti smávægileg atriði. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Skýrsla stjórnar.

a. Helga J. Hallgrímsdóttir flutti skýrslu stjórnar. Fór yfir markmið félagsins og baráttumál á starfsárinu, ásamt öðrum upplýsingum um starfsemi félagsins. Fór m.a. yfir stöðu þýðingar og útgáfu matreiðslubókar, fund norrænu nýrnasamtakanna (NNS) og að félagið sé aðili að evrópsku nýrnasamtökunum, EKPF. Einnig að hægt sé að styrkja Nýrnafélagið og fá skattaafslátt þar sem félagið er almannaheillafélag. Engar athugasemdir voru gerðar við skýrsluna og telst hún því samþykkt og verður lögð í skjalasafn.

5. Ársreikningur félagsins skýrður og lagður fram til samþykktar.

a. Guðrún B. Tryggvadóttir las ársreikning félagsins og skýrði frá helstu gjaldaliðum og tekjum. Nokkur umræða skapaðist um hvers vegna styrkir frá ÖBÍ hefðu lækkað. Spurt var um styrktarhnappinn á heimasíðu félagsins. Það hefur ekki verið mikið kynnt en verður auglýst og kynnt frekar.

Ársreikningur samþykktur samhljóða.

6. Ársreikningur styrktarsjóðsins skýrður og lagður fram til samþykktar.

a. Guðrún B. Tryggvadóttir las ársreikning styrktarsjóðs og skýrði frá. Ekki hefur verið sótt um í styrktarsjóðinn undanfarin ár en e.t.v. væri hægt að nota þessa fjármuni í annað.

E.t.v. væri hægt að nota þetta til að styrkja foreldra nýrnasjúkra barna sem koma utan af landi með börn sín til lækninga í Reykjavík.

Ársreikningur styrktarsjóðsina samþykktur samhljóða.

7. Skýrslur starfshópa.

Þar sem hópar eru engir og fáir félagar hafa mætt í göngurnar að undanfögnu verða engar skýrslur kynntar. Sigurjón ætlar að efla hópinn að nýju í sumar.

8. Lagabreytingar.

a. Guðrún B. Tryggvadóttir kynnti fyrirhugaðar lagabreytingar.

Breytingatillaga nr. 1

Grein 4 - Aðalfundur, fastir liðir á aðalfundi skulu vera: *skoðunarmanns til eins árs í stað núverandi orðalags: kosning endurskoðenda til tveggja ára.*

Greinargerð: Góðgerðafélög þurfa ekki endurskoðanda og nú er Nýrnafélagið farið að nýta sér bókhaldsþjónustu sem færir allt bókhald í stað endurskoðanda.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Breytingatillaga nr. 2

Grein 4 - Aðalfundur, kemur á eftir fastir liðir á aðalfundi:

Bókhalds- eða endurskoðunarfyrirtæki sér um bókhald, launaútreikning í stað núverandi orðalags: Endurskoðunarfyrirtæki sér um bókhald, launaútreikning, bókhald, launaútreikning

Greinargerð: Þarna þarf að víkka orðalagið til að stjórn geti nýtt sér bókhaldsþjónustu sem er alveg nóg og ódýrara fyrir góðgerðafélag, en hafa samt endurskoðandastofu inni ef að stjórn seinna meir kýs að nota endurskoðunarstofu í stað bókhaldsþjónustu.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Breytingatillaga nr. 3

Grein 4- Aðalfundur, kemur á eftir fastir liðir á aðalfundi

Jafnframt tilgreinir stjórn trúnaðarmann og einn til vara í stað núverandi orðalags:jafnframt tilgreinir stjórn tvo trúnaðarmenn....

Greinargerð: Það er nóg að hafa einn trúnaðarmann til að fara yfir reikninga en gott að hafa líka einn til vara

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Breytingatillaga nr. 4

Grein 4- Aðalfundur, kemur á eftir fastir liðir á aðalfundi.....

Innskot á eftir: sem fara yfir ársreikning og leggja hann síðan fyrir aðalfund

Innskot verður: *Trúnaðarmaður er félagi í Nýrnafélaginu en má ekki sitja í stjórn en áður var ekkert tilgreint þarna.*

Greinargerð. Trúnaðarmaður er nýtt heiti fyrir skoðunarmann samkvæmt nýjum lögum um Almannaheillafélög, svo að rétt þótti að útskýra þetta. En skoðunarmaður sem kosið er um verður að vera utanfélagsmaður.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Breytingatillaga nr. 5

GREIN 5-Stjórn félagsins, innskot á eftir: Allir stjórnarliðar geta boðið sig fram....

Innskot verður: *Stjórnarmaður sem hefur setið í þrjú kjörtímabil getur boðið sig fram til formanns. Ef að stjórn telur nauðsynlegt að stjórnarmaður eða formaður haldi áfram í stjórn eftir 3 kjörtímabil má stjórnin leggja fram undanþágu fyrir eitt kjörtímabil í viðbót fyrir aðalfund. Aðalfundur verður að samþykkja það með $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða en áður var þarna ekkert.*

Greinargerð: Oft getur verið erfitt að manna stjórn sem byggir á sjálfböðavinnu og er þá nauðsynlegt að hafa varnagla til að grípa í ef að nauðsyn krefur. Einnig getur viðkomandi aðili verið að vinna að sértæku verkefni sem hann þarf lengri tíma til að geta klárað.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Kosning stjórnar.

Agnes Eir Önundardóttir hefur vikið úr stjórn. Í stað hennar hefur Arnar Már

Frímansson gefið kost á sér. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Gísli Steinn Pétursson, Helga Guðrún Loftsdóttir og Sigríður Ragna Jónasdóttir gefa öll

kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Nanna Baldursdóttir og María Dungal gefa áfram kost á sér sem varamenn í stjórn.

10. Kosning skoðunarmanns til eins árs

Stjórnin stakk upp á Einari Rúnari Einarssyni hjá Uppgjöri og skattskil ehf.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Ákvörðun um félagsgjald.

Stjórnin hefur ákveðið að halda félagsgjöldum óbreyttum frá fyrri árum.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12. Önnur mál.

a. Helga J. Hallgrímsdóttir þakkaði Agnesi Eir Önundardóttur fyrir vel unnin störf.

b. Guðrún B. Tryggvadóttir lagði fram ályktun aðalfundarins sem var svohljóðandi:

Aðalfundur Nýrnafélagsins haldinn þann 16. apríl 2024 skorar á stjórn Landspítala og

viðeigandi stjórnvöld að beita sér fyrir því að nýrnasjúklingar og nýraþegar á göngudeild

hafi aðgang að sálfræðipjónustu meðan á meðferð stendur. Að vera langveikur og í krefjandi meðferð tekur ekki bara á líkamlega heldur einnig andlega.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Nefndir eða hópar.

Gönguhópur verður ekki lagður niður, Sigurjón sem tók að sér hópinn á aðalfundi félagsins 2023 hefur í hyggju að halda gönguferðum áfram.

Guðrún B. Tryggvadóttir stingur upp á nokkrum hópum. t.d. bingó hópi eða spilahópi.

Framundan er opið hús er hjá ÖBÍ í júní.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta í 1.maí gönguna og styðja ÖBÍ. Einnig að mæta og hvetja þá sem hlaupa í Reykjavíkumaraþoni, sérstaklega þá sem hlaupa fyrir Nýrnafélagið.

Helga J. Hallgrímsdóttir sleit fundi klukkan 19:40

Helga Guðrún Loftsdóttir

fundarritari